

Umhverfisstefna Skútustaðahrepps

Leiðarljós:

Skútustaðahreppur verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í umhverfisstarfi og umhverfisvernd. Fylgt verði í hvítvetna ákvæðum laga og reglugerða um þennan málaflokk. Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Með því verði sveitarfélagið eftirsótt til búsetu sem fjölskylduvænt svæði með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi auk þess að vera aðlaðandi ákvörðunarstaður fyrir innlenda og erlenda ferðamenn til að njóta hinnar einstöku náttúru í sveitarfélaginu. Þar verði þörfum núverandi kynslóðar mætt án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum og áhersla lögð á að ofgera ekki ómetanlegri náttúru svæðisins. Í þessu sambandi verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi meginmarkmið:

Meginmarkmið:

1. Umhverfisfræðsla:

Sveitarfélagið mun stuðla að því að stjórnendur þess, starfsmenn íbúar og gestir hafi greiðan aðgang að fræðslu um umhverfismál. Nemendur á öllum skólastigum fái vandaða og stöðuga fræðslu á þessu sviði. Markmið fræðslunnar er að allir verði hæfari til að meta og varðveita einstakar og fágætar náttúruperlur og draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi sveitarfélagsins og atvinnulífsins kann að hafa á umhverfið, og til að stuðla að stöðugum úrbótum.

2. Endurnýjanlegar auðlindir:

Sveitarfélagið og stofnanir þess munu af fremsta megni nota endurnýjanlegar auðlindir í starfsemi sinni. Komið verður upp vistvænni innkaupastefnu og grænu bókhaldi m.a. til að styrkja þessa viðleitni. Sveitarfélagið mun stefna að því að draga úr notkun pappírs með rafrænni stjórnsýslu. Öll orkuvinnsla í sveitarfélaginu verði sjálfbær og virkjanakostir verði valdir með tilliti til sjálfbærrar orkunýtingar.

3. Verndun lífríkis og umhverfis:

Sveitarfélagið leggur áherslu á verndun lífríkisins og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Að sama skapi er lögð rík áhersla á verndun gróðurs, jarðvegs, stöðuvatna, votlendis, menningar og menningarmínja. Sérstök áhersla er lögð á verndun fuglalífs og lífríkis vatna og áa sbr. lög nr. 97/2004 um verndun Laxár og Mývatns. Lögð verði áhersla á verndun og friðlýsingu náttúrumínja á forsendum sveitarfélagsins og landeigenda.

4. Umgengni og varðveisla landgæða:

Sveitarfélagið mun sýna gott fordæmi í umgengni og varðveislu landgæða og gera þær kröfur til atvinnulíf og almennings að því fordæmi verði fylgt.

5. Skipulagsmál og manngert umhverfi:

Sjálfbær þróun verður höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana. Áhersla verður lögð á uppbyggingu útivistarsvæða og varðveislu náttúrulegra svæða í sveitarfélaginu. Við uppgræðslu og skógrækt verði lögð áhersla á það lífríki sem fyrir er og forðast verði að nota framandi plöntur eða gróður. Lögð verði áhersla á lagningu göngu- og hjólastíga umhverfis vatnið og að helstu náttúruperlum þar sem þess er kostur. Við skipulagningu á bílaumferð og fólks- og vöruflutningum verði lögð sérstaka áhersla á umferðaröryggi og dregið verði úr hættu á mengunarslysum af völdum umferðar og vöruflutninga eins og kostur er. Ásýnd byggðar og umhverfis endurspeglar metnað sveitarfélagsins. Vanda skal útlit og gerð nýbygginga og mannvirkja og viðhaldi eldri bygginga verði sinnt á fullnægjandi hátt. Dregið verði úr sjónrænum áhrifum vanhvirtra mannvirkja, ónotaðra bifreiða og landbúnaðartækja.

6. Neysluvatnsmál:

Í öllum byggðum sveitarfélagsins þarf að vera greiður aðgangur að hreinu og heilnæmu neysluvatni. Stöðugt eftirliti verði með vatnsveitum í sveitarfélaginu og vatnsverndarsvæði skilgreind og varin.

7. Úrgangsmál:

Lögð verður áhersla á að draga úr myndun úrgangs, hjá fyrirtækjum, í verslun, þjónustu og á heimilum. Sérstök áhersla verður lögð á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og jarðgerð á þeim lífrænan úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu.

8. Fráveitumál:

Leitað verður vistvænna leiða til að uppfylla lög og reglur um fráveitumál. Reynt verður að fyrirbyggja að mengandi efni berist út í umhverfið og séð til þess að rotþrær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja.

9. Atvinnulífið:

Í sveitarfélaginu verði öflugt og fjölbreytt atvinnulíf þar sem sjálfbær þróun verður höfð að leiðarljósi í vistfræðilegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti. Sveitarfélagið mun hvetja fyrirtækin á svæðinu til að koma sér upp umhverfisstefnu og vinna að stöðugum úrbótum í anda hreinni framleiðslutækni.

10. Hávaða- og loftmengun:

Kappkostað verður að tryggja íbúum sveitarfélagsins umhverfi til búsetu og útivistar, þar sem loft- og hávaðamengun er í lágmarki. Við útgáfu starfsleyfa til fyrirtækja sem ætla má að geti valdið slíkri mengun skal setja inn vöktunarákvæði sem tryggja að starfsemin verði innan viðmiðunarmarka.

11. LjósMengun:

Við uppsetningu götulýsingar og lýsingar hjá fyrirtækjum og stofnunum verður þess gætt að ljósmengun utan viðkomandi svæða verði í lágmarki.

12. Miðlun upplýsinga:

Lögð verður áhersla á skoðanaskipti um umhverfismál og á greiða miðlun upplýsinga um stöðu umhverfismála innan sveitarfélagsins, og birta reglulega skýrslu um þróun þeirra.

13. Skráning og nýting auðlinda:

Gerð verður skrá yfir auðlindir í sveitarfélaginu, þar með talin, vatnasvæði, orkuvinnslusvæði beitolönd, uppgæðslusvæði og efnisnámur. Sveitarfélagið leggur áherslu á að ákvarðanir um nýtingu þessara auðlinda verði ávallt teknar með hliðsjón af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisnefndar
26. mars 2012